


Einimelur 9 – Fyrirspurn


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. apríl 2023 var lögð fram fyrirspurn Björns Guðmundssonar, dags. 20. febrúar 2023, um að setja innkeyrslu ásamt bílskúr/auka íbúð á lóð nr. 9 við Einimel, samkvæmt tillögu, dags. 9. febrúar 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Tillaga á staðsetnin bílskúrs / auka íbúð, dags. 9. febrúar 2023



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Landnotkun gildandi aðalskipulags er íbúðarsvæði (ÍB2).

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag.

Umsögn


Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi að koma fyrir nýrri innkeyrslu ásamt bílskúr/auka íbúð á lóðinni. Fyrirspurnin er í stórum dráttum sú sama og barst embættinu vorið 2017 og var svarað neitandi. Ljóst er að ráðist var í óleyfisframkvæmdir við innkeyrslu með tilheyrandi upprifi gróðurs og niðurbroti steinsteypis veggs á lóðamörkum á annars aðskorinni lóð.



Einimelur nr. 9 fyrir miðri mynd – ljósmynd tekin í júlí 2022

Ekki verður séð hvað ætti nú að snúa við afstöðu skipulagsfulltrúi varðandi nýja innkeyrslu og auka bílskúr umfram núverandi áfastan bílskúr sem er í samræmi við byggðamynstur götunnar sem rakið var í fyrri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2017.

Ekki eru veittar heimildir fyrir auka íbúð á sér fasteignanúmeri innan lóða. Hinsvegar mætti skoða möguleika á hófsamri stækkun núverandi húss en með þeim skilyrðum að óleyfisframkvæmd sem lýst er að framan gangi til baka. Uppdrættir væru grenndarkynntir hagsmunaaðilum í nágrenninu verði fallist á þá stækkun.



Aðaluppdrættir ásamt afstöðumynd, samþykkt 25. október 1962

Niðurstaða

- Ekki er fallist á erindið nema með skilyrðum sbr. umsögn að ofan.

f.h skipulagsfulltrúa

/Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt.